

Mánudaginn 19. janúar 1998.

Nr. 27/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Joseph Georg Adessa

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c- og d-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 20. febrúar nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst varnaraðili þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími og „vistun hans fari fram á sjúkrastofnun, en ekki Litla-Hrauni“. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Ekki liggja fyrir viðhlítandi lækisfræðileg gögn til stuðnings þeirri varakröfu varnaraðila, að hann verði vistaður á sjúkrastofnun. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. janúar 1998.

Ár 1998, föstudaginn 9. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómara-fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til c- og d-liðar

1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Joseph Georg Adessa, kt. 190977-4639, Aðallandi 8, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 20. febrúar 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 217. gr., 244. gr., 257. gr. og 233. gr., og gegn ávana- og fíkniefnalögum nr. 65/1974.

Lögreglan í Reykjavík hefur að undanfögnu margsinnis haft afskipti af kærða vegna ýmiss konar afbrota. Kærði var síðast handtekinn 8. janúar sl. fyrir að hafa valdið eignaspjöllum á strætisvagni við Sjúkrahús Reykjavíkur og í framhaldi þess ráðist á mann, sem staddur var utan við bráðamóttöku sjúkrahússins.

Kærði hefur alls ellefu mál skráð í málaskrá lögreglunnar í Reykjavík vegna afbrota á sl. ári og hefur, það sem af er þessu ári, tvö mál skráð. Í fram kominni kröfu eru tilgreind fjögur afbrot kærða, sem enn eru óafgreidd hjá lögreglu, á ólíku stigi. Eitt þeirra brota kærða fólst í því að ráðast með trékylfu á dyr íbúðar að Kleppsvegi 70 í Reykjavík og skemma þær og að hóta íbúum þar lífláti. Lögregla kveður mikilvægt, að náist að sameina flest þessara mála, og kveður ákæru á hendur kærða verða gefna út á næstunni.

Kærða var 19. febrúar 1997 veitt reynslulausn, skilorðsbundið í tvö ár, á 310 daga eftirstöðvum tveggja ára fangelsisrefsingar að frádreginni 24 daga gæsluvarðhaldsvist frá 4. júlí 1995, þriggja mánaða fangelsisrefsingar frá 2. júlí 1996 og fjögurra mánaða fangelsisrefsingar frá 2. desember 1996.

Með vísan til framanritaðs og rannsóknargagna, þar á meðal sakavottorðs og málaskrár lögreglunnar í Reykjavík, þykir verða að fallast á það með lögreglustjóranum í Reykjavík, að skilyrðum c- og d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 sé fullnægt. Þykir því verða að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík til greina, eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Joseph Georg Adessa, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 20. febrúar 1998 kl. 16.00.